

# Sjöundi fundur Umhverfisnefndar HeilsuleikskólansKærabæjar 2013-2014 haldinn 21. maí klukkan 9:00

Mættir: Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Guðrún Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna og verkefnisstjóri, Arndís Harðardóttir fulltrúi foreldra, Amelía Íris, Ásgeir Marínó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara og Ólöf Ósk. Auka gestur á fundinum er Guðsteinn Harðarson, Stenni litli, sem hefur áður setið fundi, þá ný fæddur.

Fundurinn tekinn upp á hljóðband og fundargerð skráð eftir því nokkrum dögum seinna.

Þórunn bauð alla velkomna á fundinn og las upp fundargerð síðasta fundar. Fundarmenn minntir á að hlusta vel og hugsa hvort við höfum unnið að því sem við ákváðum á þeim fundi.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina og vottuðu það að:

- Við fórum á hótelið á Klaustri eins og við ákváðum á síðasta fundi. Áður en við fórum höfðum við bætt inn á hugtaka kortið okkar það sem við vissum um það. Við vissum m.a. að á hótelinu er stór stigi, mörg herbergi og stór borð. Við vissum líka að það kæmu gestir úr sveitinni og frá útlöndum. Við vissum líka að það væri hægt að fá kökur og kakó á hótelinu því okkur er alltaf boðið í það fyrir jólin
- Við ákváðum að spyrja Svenna hóteltjóra hvort við gætum fengið kakó og kökur núna, hvað það eru mörg herbergi á hótelinu. Við höfðum giskað á að þau væru 11. Við vildum líka fá að vita hvað margir geta gista á hótelinu í einu og hvað gestunum þætti best að borða. Við höldum fyrirfram að gestunum þætti best að borða súkkulaðiköku og bleikju.

Svörin við spurningunum okkar voru:

- Herbergin eru 57 (ekki 11 eins og við höfðum haldið).
- 114 gestir geta sofist á hótelinu í einu (ekki 22 eins og við höfðum haldið).
- Vinsælasti maturinn er Klausturbleikja – sem við erum einmitt búin að skoða í vetur ;) og Svenni tók undir það að gestunum þætti súkkulaðikaka góð ;
- Við gleymdum að biðja um kökur og kakó.

Þá var tekið til við að ræða málefni þessa fundar.

Þórunn tilkynnti að á næsta föstudag munum við fá nýjan Grænfána. Það er fjórði fáninn okkar. Hún útskýrði að það er aldrei víst að við fáum nýjan fána. Ef við hefðum t.d. ekki verið svona dugleg að halda fundi og flokka endurvinnanlegt efni þá hefðum við ekki fengið nýjan fána. Ef við hefðum bara hent öllu í eina ruslafötu og aldrei haldið fundi þá hefðum við aldrei fengið svona fínan fána. Það að nota pappírinn svona vel og endurvinna hann og það að hugsa svona vel um allt sem við eigum, laga það sem bilar, skiptir miklu máli. Við skoðuðum myndina í Grænfánanum og ræddum um það að við, maðurinn, erum hluti af náttúrunni og við eigum að hugsa vel um hana svo hún verði hein og fín. Svo að himininn verði blár og snjórin hvítur og hreinn og grasið verði græn. „Svo að allt verði ekki svart“.

Næsta föstudag verður vorhátíð í leikskólanum og þá koma allir með eitthvað gott að heiman til að leggja á veisluborð. Það sem krakkana langaði að koma með var súkkulaðikaka og reykt bleikju ofaná brauð. Þórunn lagði áherslu á að þær veitingar sem í boði verða innihaldi ekki mikið að salti, sykri eða fitu. Síðan var rætt um að snyrta garðinn, hreinsa steinana úr grasinu og gera fínt. Þá ræddum við um að við höfum sett kartöflur í spírur og að við þurfum fljótlega að setja þær niður. Einnig ákváðum við að sá grænmeti s.s. gulrótum og radísu.

Að lokum ákváðum við að útbúa nýja fánalengju sem við notum sem skraut út í garði á vorhátíðinni.

Tekið saman:

Það sem við erum að fara að gera er að við erum að fara að:

- taka við nýjum Grænfána
- búa til skraut til að skreyta garðinn
- setja niður kartöflur
- sá gulrótum

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Eftir fundinn sýndi Þórunn okkur nýja, „námsgogga“. Einn goggurinn inniheldur trjánöfn, annar inniheldur blómanöfn og einn fuglanöfn. Hugmyndin er að nota goggana út í sumar og leita uppi þær tegundir sem upp koma.